



Vinnuverndarstarf á Akri skólaárið 2023-2024 Samantekt úr áhættumati vinnueftirlitsins 2022-2023

Á leikskólanum Akri er vel hugað að vinnuvernd starfsfólks og hafa þrjár aðilar í húsi lokið námskeiði hjá vinnueftirlitinu:

Sigrún Gyða Matthíasdóttir, ábyrgðaraðili
Jóna Hrund Óskarsdóttir, öryggistrúnaðarmaður
Þórhildur Katrín Kristjánsdóttir, öryggisvörður

Leikskólinn Akur er í samstarfi við þjónustu og ráðgjafafyrirtækið Vinnuvernd og er haldið utan um fjarvistaskráningu þar. Starfsfólki býðst einnig að nýta sér læknis- og sálfræðiþjónustu í gegnum Vinnuvernd. Á Akri er starfandi öryggisvörður og öryggistrúnaðarmaður sem fara einu sinni á ári yfir gátlista vinnueftirlitsins um öryggi og heilbrigði á vinnustöðum. Nýlega gerði Hjallastefnan þjónustusamning við fyrirtækið Auðnast sem sérhæfir sig í heilsutengdri þjónustu fyrir fyrirtæki og er þar boðið upp á þverfaglega nálgun við úrlausn mála. Stjórnendur innann Hjallastefnunnar sátu nýlega námskeið hjá Auðnast um EKKO. Þar var farið yfir verkferla og úrræði þegar kemur að eineltismálum, kynferðislegri áreitni, kynferðislegu ofbeldi og ofbeldi á vinnustöðum. Í kennararými skólans er að finna öryggismöppu Akurs þar sem hægt er að finna ítarlegri upplýsingar ásamt gátlista frá vinnueftirlitinu sem samantekt þessi er unnin úr.

Nýtt starfsfólk

Allt nýtt starfsfólk fer í gegnum nýliðabjálfun hjá leikskólastjóra. Unnið er í gegnum 12 vikna þjálfunaráætlun með vikulegum verkþáttum. Miðað er við að nýtt starfsfólk hitti leikskólastjóra vikulega á meðan á þjálfunaráætluninni stendur og æfa nýliðar sig í sjálfstæðum vinnubrögðum með því að bera ábyrgð á skipulagningu handleiðslufunda. Þar er farið yfir helstu þætti varðandi líkamsbeitingu, nýtingu léttitækja ásamt því að þeim eru kynntir starfshættir og námskrá leikskólans.

Á Akri er markvisst unnið að því að koma til móts við þungaðar konur og gefst þeim tækifæri að fara í léttari verkefni við hæfi ef svo ber undir. Einnig er tekið tillit til starfsfólks sem er með barn á brjósti og er aðstaða í húsi til brjóstagjafa. Óski einstaklingur eftir að sinna brjóstgjöf í einrúmi eru skrifstofurými skólans nýtt til þess.

Vinnuslys

Haldið er vel utan um vinnuslys og er starfsfólk reglulega upplýst um mikilvægi þess að skrásetja öll slys sem eiga sér stað á vinnutíma, á leið til vinnu eða á leið úr vinnu. Á slysaskráningarblaði skólans eru einnig leiðbeiningar um réttar boðleiðir hvað varðar tilkynningaskyldu stjórnenda til viðeigandi stofnana, ásamt upplýsingum fyrir þann slasaða um hvaða gögn viðkomandi þarf að halda til haga til að geta leitað réttar síns ef svo ber undir.

Vinnurými og inniloft

Leikskólinn Akur er vel byggður (2007), byggingin er stór og vel skipulögð. Tveir inngangar eru á sitthvorum endum hússins og einn að framan. Yfirborð gólfs, lofts og veggja er gott og óskemmt. Inniloft er almennt í góðu ástandi. Ástandsskoðun loftræstikerfis fer fram árlega.



Vinnuaðstæður

Starfsfólk er hvatt til að nýta sér léttitæki og huga vel að líkamsbeitingu í starfi. Mikilvægt er að leiðbeina hvert öðru um æskilega líkamsbeitingu. Dæmi um léttitæki eru tröppur fyrir skiptiborð, stigar, kennarastólar o.s.fv. Á Akri passa kennarar að halda á og lyfta börnum í lágmarki ásamt því að reynt er að koma til móts við mismunandi þarfir kennara með kaupum á viðeigandi léttitækjum.

Félagslegur og andlegur aðbúnaður

Í leikskólanum Akri er verkaskipting skýr. Kennarar hafa möguleika á að nýta hæfni sína og þróast í starfi. Samskipti á milli starfsfólks og starfsfólk/stjórnenda eru góð en unnið er eftir skýrum verkferlum um æskileg samskipti á vinnustað eftir meginreglum Hjallastefnunnar. Mikilvægar upplýsingar eru settar inn á Workplace/heimasíðu leikskólans. Kennarar sem þurfa að fá stuðning í starfi vegna krefjandi verkefna geta leitað til stjórnenda sem geta boðið viðkomandi allt að þrjá tíma hjá sérfræðingi utan skólans. Ekki er í boði að ræða um börn, foreldra og annað starfsfólk leikskólans á kaffistofu.

Leikskólinn Akur er með þjónustusamning við Sáfræðistofu Suðurnesja, Vinnuvernd og Auðnast.

Leikskólastjóri ber ábyrgð á að bregðast strax við álagi og streitueinkennum á vinnustaðnum. Álag er metið í samvinnu við allt starfsfólk í húsi og er einnig metið á vikulegum kjarnastjórafundum og/eða lotufundum sem haldnir eru á 5 vikna fresti leitast kjarnar eftir að spegla starfið innan sinna starfsstöðva hverju sinni. Formleg starfsfólkssamtöl er einu sinni á ári en starfsfólki gefst kostur á að fá handleiðslu frá stjórnenda eftir þörfum hverju sinni. Endurmenntun og símenntun hjá fyrirtækinu eru með skipulögðum hætti og lagt er upp úr því að styðja vel við starfsfólk til að huga vel að andlegu og líkamlegu heilbrigði.

Smithætta

Leikskóli er þrífinn reglulega ásamt því að verkferlar eru til staðar þar sem helstu snertifletir eru sóttreinsaðir tvisvar á dag. Starfsfólk tilkynnir veikindi með því að hringja í skólann 421-8310 ásamt því að hringja í vinnuvernd 578-0800 þar sem hjúkrunarfræðingur tekur á móti veikindatilkynningu og getur einnig veitt ráðgjöf. Árlega er starfsfólki boðið að fá innflúesubólusetningu.

Hávaði

Unnið er markvisst að því að draga úr hávaða á leikskólanum. Inni á öllum kjörnum eru hljóðdempandi plötur og daglegt skipulag á starfi leikskólans tekur mið af því að draga úr aðstæðum sem valda óæskilegum hávaða. Starfsfólks aðstaðan er rúmgóð og hægt er að loka að sér til að draga úr hávaða.

Efni og efnaáhrif

Öll efni eru geymd í þvottahúsi skólans sem er ávallt læst og þar er mappa með öllum upplýsingum um eitur- og hættuleg efni, bæði á íslensku og ensku.

Öryggi

Aðgengi að húsnæðinu er gott. Umferða- og gönguleiðir um vinnustaðinn eru greiðar og öruggar. Útgönguleiðir er merkar og yfirfarnar reglulega.



Áætlun um viðbrögð við bráðahættu er kynnt reglulega öllu starfsfólki, íslensku sem erlendu. Slökkvibúnaður er yfirfarinn reglulega og er aðgengilegur og ber starfsfólki að kynna sér brunaáætlun/rýmingaráætlun skólans.

Á öðru hverju ári fer starfsfólk leikskólans á skyndihjálparnámskeið.

Starfsfólksrými

Snyrtingar eru vel útbúnaðar og eru nægilegar miðað við fjölda starfsfólks. Á snyrtingum starfsfólks er boðið upp á tíðarvörur en þær eru starfsfólki að kostnaðarlausu.

Kaffi/matstofa er á réttri stærð og er vel útbúin og mætir þörfum starfsfólks til undirbúnings starfsins og hvíldar.

Starfsfólk getur óskað eftir læstum starfsfólksskáp en ekki eru til nægir skápar fyrir hvern og einn starfsmann og þarf að endurskoða með tilliti til fjölda starfsfólks hverju sinni.

Vinnuumhverfisvísir - Gátlisti

Öryggisteymi Akurs ber að fara yfir aðbúnað og aðstæður vinnuumhverfis með því að fara í gegn um vinnuumhverfisvísi Vinnueftirlits Ríkisins á vorönn hverju sinni.